

## REGLUR

### um skattmat vegna tekna af landbúnaði árið 2014.

Eftirfarandi reglur um skattmat tekna af landbúnaði á árinu 2014 eru settar skv. 118. gr. nr. 90/2003, um tekjuskatt, sbr. og 2. tölul. B-liðar 17. gr. reglugerðar nr. 245/1963, um tekjuskatt og eignarskatt. Um er að ræða mat á tekjum í búrekstri, hvort sem um er að ræða einstaklingsrekstur eða rekstur lögaðila sem færa ber á rekstrarreikning landbúnaðarskýrslu rekstrarársins 2014.

Búsafurðir til heimanota og önnur endurgjaldslaus afhending þeirra til eigenda, starfsmanna og skylduliðs þeirra skal telja til rekstrartekna á rekstrarreikningi landbúnaðarskýrslu. Tekur skattmatið m.a. til búfjárafurða, jarðargróða, afraksturs af hvers konar hlunnindum, afurða gróðurstöðva, fuglabúa o.s.frv. og sjávarafla og afla eldisstöðva. Séu afurðir, sem teknar eru eða afhentar til heimanota, ekki tilgreindar hér á eftir skal meta þær á sama verði og fyrir þær fæst við sölu til óskylds aðila. Séu afurðir þessar afhentar á lægra verði en í skattmatinu greinir skal mismunur á því verði og matsverðinu talinn til rekstrartekna hjá búinu.

Skattmat á heimaafnotum búsafurða o.fl. vegna tekjuársins 2014 er sem hér segir:

<i>Tegund</i>	<i>Krónur</i>	<i>Eining</i>
Mjólk	83	pr. lítra
Egg	459	pr. kg
Kartöflur	81	pr. kg
Rófur	129	pr. kg
Gulrætur	290	pr. kg
Lambakjöt	634	pr. kg
Kjöt af veturgömlu fé	278	pr. kg
Annað kjöt af sauðfé	180	pr. kg
Ungnautakjöt	628	pr. kg
Annað kjöt af nautgripum	408	pr. kg
Folaldakjöt	278	pr. kg
Annað kjöt af hrossum	100	pr. kg
Grísakjöt	458	pr. kg
Annað svínakjöt	323	pr. kg
Kalkúnar, endur og gæsir	640	pr. kg
Annað fuglakjöt	429	pr. kg
Fiskur	500	pr. kg

*Reykjavík, 10. janúar 2014.*

**Skúli Eggert Þórðarson** ríkisskattstjóri.

B-deild – Útgáfud.: 13. janúar 2014